

og þar á meðal kr. 250.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns hér fyrir réttinum, Kristins Ólafssonar lögfræðings.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Gísli Magnús Gíslason, greiði kr. 1000.00 í sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar 50 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ólöglegur ágóði, kr. 1971.58, er gerður upptækur, og skal ákærður greiða þá upphæð í ríkissjóð.

Svo skal ákærður og greiða allan sakarkostnað, áfallinn og áfallandi, og þar á meðal kr. 250.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Kristins Ólafssonar lögfræðings.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 28. apríl 1944.

Nr. 118/1943. Réttvísinn (Gunnar J. Möller)

gegn

Þórarni Jónssyni (Magnús Thorlacius)

Fjársvik.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 250.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Þórarinn Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Gunnars Möllers og Magnúsar Thorlacius kr. 250 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 12. október 1943.

Ár 1943, þriðjudaginn 12. október, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Jónatan Hallvarðssyni sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 2469/1943: Rétt-

vísín gegn Þórarni Jónssyni, sem tekið var til dóms 8. sama mánaðar.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Þórarni Jónssyni bifreiðarstjóra, Bakkastíg 4 hér í bæ, fyrir brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 1940. Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 27. marz 1923. Hinn 27. júní 1940 var hann í aukarétti Reykjavíkur dæmdur í 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi skilorðsbundið fyrir þjófnað og fals, en að öðru leyti hefur hann ekki, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu.

Sumarið 1942 ók ákærður vörubifreiðinni R 1298 í setuliðsvinnu fyrir eiganda hennar, Arnfinn Jónsson kennara, Grundarstíg 4 hér í bæ. Þeirri vinnu var lokið í byrjun októbermánaðar. Leið svo nokkur tími, að bifreiðin stóð ónotuð. Þá var það sennilega í byrjun nóvembermánaðar, að það varð að samkomulagi með ákærðum og Arnfinni, að ákærður fengi að hafa bifreiðina í viku. Að vikunni liðinni greiddi ákærður Arnfinni 500—600 krónur, en það voru tekjurnar af akstri bifreiðarinnar þessa viku. Af þessum peningum fékk ákærður 30% sem kaup. Þegar þetta uppgjör fór fram, varð að samkomulagi, að ákærður æki bifreiðinni með sömu kjörum og áður og gerði upp við Arnfinn að viku liðinni. Þegar vikan var liðin, gerði ákærður ekki upp við Arnfinn, og hefur ákærður gert þá grein fyrir þessari brigðmælgí sinni, að ekkert hafi verið upp að gera, því að hann hafi svo að segja engan akstur fengið. Leið nú tíminn þannig, að ákærður hafði bifreiðina undir höndum, ók henni stundum, en oft ekki, og stóð hún þá ónotuð. Síðan bilaði hún, og kom ákærður henni þá í viðgerð á verkstæði eitt hér í bænum, og þar sem verkstæðismaðurinn, sem hann talaði við, kvaðst ekki vita, hvenær unnt yrði að gera við bifreiðina, ákvað ákærður að láta gera við hana í nætur- og helgidagavinnu. Um viðgerð þessa talaði ákærður ekki við Arnfinn, en sagði verkstæðinu, að viðgerðin væri fyrir Arnfinn. Viðgerðarkostnaður varð nálega 1500 krónur, og var Arnfinnur krafinn hans. Svo að segja strax eftir að ákærður hafði fengið bifreiðina út af verkstæðinu, bilaði hún í akstri hér innanbæjar. Daginn eftir bilun þessa ætlaði ákærður að láta draga bifreiðina í gang, en það tókst ekki. Síðan skipti ákærður sér ekki meira af bifreiðinni. Hann ætlaði þó eitt sinn eftir þetta að skila syni Arnfinns lyklum bifreiðarinnar, en hann var þá orðinn gramur ákærðum og vildi ekki taka við lyklunum. Arnfinnur tók nú bifreiðina, sem var mjög skemmd, í sínar vörzlur og lét flytja hana á viðgerðarverkstæði, og er hún þar enn.

Ekki verður séð, að auðgunartilgangur hafi verið samfara þeirri ráðstöfun ákærðs að koma bifreiðinni til viðgerðar eins og lýst hefur verið, án þess að ráðgast um það við eiganda hennar, og

Því siður var auðgunartilgangur samfara skemmdum bifreiðarinnar. Eru því þessi atriði eigi brot gegn XXVI. kafla hegningarlaganna.

Hins vegar er það játað af ákærðum, að brúttótekjur af akstri bifreiðarinnar eftir uppgjörið við Arnfinn eftir fyrstu vikuna hafi verið um 600 krónur. Í sambandi við vörn málsins vildi ákærði að visu afturkalla þessa játningu, en eigi þykir unnt að taka mark á þeirri breytingu framburðar hans. Af þessu fé átti ákærður samkvæmt samningunum við Arnfinn einungis að fá 30%, en hann notaði allt féð í eigin þarfir, án þess að fá til þess heimild Arnfinns. Þetta atferli ákærðs varðar við 247. gr. hegningarlaganna, og þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin 30 daga fangelsi. Samkvæmt 68. gr. 3 mgr. hegningarlaganna ber að svipta ákærðan frá birtingu dóms þessa kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga. Ákærðan ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gunnars Pálssonar lögmannsfulltrúa, kr. 150.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Þórarinn Jónsson, sæti fangelsi í 30 daga. Ákærður er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga. Ákærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gunnars Pálssonar lögmannsfulltrúa, kr. 150.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 28. apríl 1944.

Nr. 19/1944. Vilhjálmur Aðalsteinsson

gegn

bæjarstjórn Akureyrar f. h. bæjarsjóðs.

Útivistardómur.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Vilhjálmur Aðalsteinsson, sem eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.
